

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 27. júlí 1976

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhólsmæla og alkóhól-flotmæla

(76/765/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í aðildarríkjunum eru skilgreining, hönnun og aðferðir við viðurkenningu og prófanir alkóhólsmæla og alkóhól-flotmæla háð lögboðnum ákvæðum sem eru breytileg frá einu aðildarríki til annars og leiðir af því hindranir í flutningi og viðskiptum með þessi tæki innan bandalagsins. Því er nauðsynlegt að samræma þessi ákvæði.

Auk gildandi ákvæða um aðferðina við að ákvarða alkóhólstyrkleika á grundvelli mælinga sem eru gerðar er einnig nauðsynlegt að samhæfa lög og stjórnslufyrirmæli varðandi þessi tæki til að ekki sé hætt á að merking verði óljós eða að ágreiningur verði um niðurstöður slíkra mælinga.

Í tilskipun ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit ⁽³⁾, er mælt fyrir um aðferðir við EBE-mynsturviðurkenningu og EBE-frumsannprófun. Í samræmi við þá tilskipun er nauðsynlegt að mæla fyrir um tækniröfur um hönnun og virkni sem alkóhólsmælar og alkóhól-flotmælar verða að uppfylla til að flytja megi þá inn óheft, markaðssetja og nota eftir að

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 76, 7. 4. 1975, bls. 39.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 248, 29. 10. 1975, bls. 22.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.

eftirlit hefur farið fram og tilskilin merki og tákn fest á þá.

Í ályktun frá 17. desember 1973 ⁽⁴⁾ um stefnu í iðnaði fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram, fyrir 1. desember 1974, tillögu að tilskipun varðandi alkóhólsmælingar og alkóhólsmæla.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun eru eiginleikar alkóhólsmæla og alkóhól-flotmæla sem eru notaðir til að ákvarða alkóhólstyrkleika vatns- og etanólblöndu skilgreindir.

2. gr.

Í viðaukanum er lýst þeim alkóhólsmælum og alkóhól-flotmælum sem heimilt er að festa á EBE-merki og -tákn.

Slík tæki skal leggja fram til EBE-mynsturviðurkenningar og EBE-frumsannprófunar.

3. gr.

Engu aðildarríki er heimilt að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun alkóhólsmæla eða alkóhól-flotmæla, sem hafa EBE-mynsturviðurkenningarmerki eða EBE-frumsannprófunarmerki, vegna mælifræðilegra eiginleika þeirra.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta, innan 24 mánaða frá því að tilkynningin barst, þær ráðstafanir sem nauð-

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 117, 31. 12. 1973, bls. 1.

synlegar eru til að fara að tilskipun þessari og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu láta þessar ráðstafanir koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1980.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 1976.

Fyrir hönd ráðsins,

M. van der STOEL

forseti.

VIÐAUKI

ALKÓHÓLMÆLAR OG ALKÓHÓL-FLOTMÆLAR

1. SKILGREINING Á TÆKJUNUM

1.1. Alkóhólmælar eru tæki úr gleri sem sýna:

- alkóhólstyrkleikann sem massa, eða
- alkóhólstyrkleikann sem rúmmál,

við mælingu á blöndu úr vatni og etanóli.

Þeir kallast annaðhvort massa-alkóhólmælar eða rúmmáls-alkóhólmælar eftir því hvað mælt er.

Alkóhól-flotmælar eru tæki úr gleri, hannaðir til að mæla þéttleika vatns- og etanólblöndu.

1.2. Tækin sem fjallað er um í þessari tilskipun eru kvörðuð við viðmiðunarhitann 20° C í samræmi við gildin sem eru birt í alþjóðlegum alkóhóltöflum sem Alþjóðalögmælifráðistofnunin gefur út.

1.3. Þau eru kvörðuð með tilliti til álestrar í hæð við lárétt yfirborð vökvans.

2. LÝSING Á TÆKJUNUM

2.1. Alkóhólmælar og alkóhól-flotmælar eru tæki úr gleri, sett saman úr:

- sívölum hólki með keilulaga eða hálfkúlulaga botni til að loftbólur lokist ekki inni undir honum,
- holum, sívölum legg sem er bræddur við efri hluta hólksins; efri endi hans er lokaður.

2.2. Ytra yfirborð hvers tækis skal vera samhverft um aðalás þess.

Þversniðið má ekki vera óreglulegt.

2.3. Í neðri hluta hylkisins skal vera þyngingarefni sem þjónar þeim tilgangi að jafnvægisstilli massa tækisins.

2.4. Á leggnum skal vera kvarði sem merktur er á sívala uppistöðu sem er fest við legginn að innanverðu þannig að hún getur ekki færst úr stað.

3. REGLUR UM SMÍÐI

3.1. Glerið sem tækin eru búin til úr skal vera gagnsætt og laust við alla galla sem geta truflað álestur á mælinn.

Glerið skal hafa rúmmálsþenslustuðulinn $(25 \pm 2) 10^{-6} \text{ } ^\circ\text{C}^{-1}$.

3.2. Þyngingarefnið skal fest í botni tækisins. Þegar fullbúnu tæki hefur verið haldið í lárétttri stöðu í eina klukkustund við 80° C og kælt þar á eftir í sömu stöðu skal það fljóta með lóðréttum ás, frávik skulu ekki vera meiri en 1 gráða og 30 mínútur.

4. KVARÐI

4.1. Ekkert tæki skal hafa fleiri en einn kvarða af þeirri gerð sem um getur í 4.5 eða 4.6.

4.2. Kvarðann og áletranirnar skal setja á uppistöðu með sléttu og möttu yfirborði.

Þessi uppistaða skal haldast föst í leggnum og viðmiðunarmerki skulu sett þannig að auðvelt sé að sjá ef kvarðinn og uppistaðan færast úr stað.

Ekki mega sjást nein merki um aflögun, aflitun eða bruna á uppistöðunni, kvarðanum og áletrunum eftir að hiti á þeim hefur haldist í 70° C í 24 klukkustundir.

4.3. Kvarðamerkin skulu vera:

- hornrétt á ás tækisins,
- svört ⁽¹⁾, merkt greinilega og óafmáanlega,
- grön, skýrt mörkuð og af jafnri þykkt sem er ekki yfir 0,2 mm.

4.4. Lengd stuttu línanna á kvarðanum skal vera að minnsta kosti einn fimmti af ummáli leggsins, lengd miðlínanna að minnsta kosti einn þriðji og lengd löngu línanna að minnsta kosti helmingur af þessu ummáli.

4.5. Alkóhólmælar skulu kvarðaðir með nafnkvarða sem er miðaður við massa eða rúmmál alkóhólinnihalds í prósentum. Þeir skulu ná yfir svið sem spannar mest 10% af alkóhólrúmmáli eða alkóhólmassa.

Deilingargildið skal vera 0,1%.

Á hverjum kvarða skulu vera 5 til 10 deilingargildi til viðbótar við efri og neðri kvarðamörk.

4.6. Nafnkvarðar alkóhól-flotmæla skulu miðaðir við kílógrömm á rúmmetra. Þeir skulu ná yfir svið sem spannar mest 20 kg/m³.

Deilingargildið skal vera 0,2 kg/m³.

Á hverjum kvarða skulu vera 5 til 10 deilingargildi til viðbótar við efri og neðri kvarðamörk. Kvarðinn skal þó ekki ná lengra en upp í 1 000 kg/m³.

5. KVÖRÐUN OG TÖLUSETNING

5.1. Á alkóhólmælum skal tífunda hvert kvarðamerki, talið frá öðrum enda nafnkvarðans, vera löng lína. Miðlína skal vera milli allra löngu línanna og fjórar stuttar línur á milli hversrar langrar línu og næstu miðlínu. Aðeins skal tölusetja löngu línurnar.

5.2. Á alkóhól-flotmælum skal fimmta hver lína, talið frá öðrum enda nafnkvarðans, vera löng lína. Fjórar stuttar línur skulu vera á milli hversrar langrar línu og þeirrar næstu.

Aðeins skal tölusetja línurnar sem sýna fimmtu eða tíundu hverja merkingu.

5.3. Við línurnar sem sýna mörk nafnkvarðans skal tölumerking vera fullum stöfum.

Á alkóhól-flotmælum mega hinar tölurnar vera stytтар.

6. FLOKKUN OG HELSTU MÁL TÆKJA

6.1. Tækin skulu vera í einum af eftirfarandi nákvæmnisflokkum:

- I. flokkur: Meðaltalskvarðaskipting skal vera 1,5 að lágmarki. Tækin í þessum flokki hafa ekki innbyggðan hitamæli.
- II. flokkur: Meðaltalskvarðaskipting skal vera 1,05. Tækin í þessum flokki geta haft innbyggðan hitamæli.
- III. flokkur: Meðaltalskvarðaskipting skal vera 0,85. Tækin í þessum flokki geta haft innbyggðan hitamæli.

6.2. Ytra þvermál hvers tækis skal vera á bilinu 19 til 40 mm.

Ytra þvermál leggsins skal vera að minnsta kosti 3 mm á tækjum í I. og II. flokki og að minnsta kosti 2,5 mm á tækjum í III. flokki. Leggurinn skal ná að minnsta kosti 15 mm upp fyrir efsta merki á kvarðanum.

⁽¹⁾ Kvarðalínurnar mega vera í öðrum litum utan við mörk nafnkvarðans.

Þversnið leggsins skal haldast óbreytt að minnsta kosti 5 mm niður fyrir neðsta merki á kvarðanum.

7. ÁLETRANIR

7.1. Eftirfarandi áletranir skulu vera inni í tækinu með læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

- I., II. eða III. flokkur,
- kg/m^3 eða rúmmál í % eða massi í %,
- 20°C ,
- etanól,
- nafn eða auðkenni framleiðandans,
- kennitala tækisins,
- EBE-mynsturviðurkenningartáknið „E“.

7.2. Á tækinu má tilgreina massa þess, táknaðan með milligramms nákvæmni, sé þess óskað.

8. HEIMILUÐ HÁMARKSFRÁVIK OG SANNPRÓFUN

8.1. Heimiluð hámarksfrávik fyrir alkóhólmæla og alkóhól-flotmæla skulu vera:

- í I. flokki, \pm hálf deilingargildi fyrir hvern álestur,
- í II. og III. flokki \pm eitt deilingargildi fyrir hvern álestur.

8.2. Sannprófun skal að lágmarki miðast við þrjú gildi innan marka nafnkvarðans.

9. HITAMÆLAR SEM ERU NOTAÐIR TIL AÐ MÆLA ALKÓHÓLSTYRKLEIKA

9.1. Ef tæki til að mæla alkóhólstyrkleika er í I. flokki skal hitamælirinn sem er notaður vera:

- málmstötstöðumælir eða kvikasilfursmælir úr gleri,
- kvarðaður með $0,1$ eða $0,05^\circ \text{C}$.

Heimiluð hámarksfrávik eru $\pm 0,05^\circ \text{C}$ fyrir öll kvarðagildi.

Kvikasilfurshitamælar skulu hafa kvarðamerki við 0°C .

9.2. Ef tæki sem eru notuð til að ákvarða alkóhólstyrkleika falla undir II. eða III. flokk, skal hitamælirinn vera kvikasilfursmælir úr gleri og hafa kvörðunina $0,1$ eða $0,2$ eða $0,5^\circ \text{C}$. Hann skal hafa kvarðamerki við 0°C .

Heimiluð hámarksfrávik, jákvæð eða neikvæð, skulu vera:

- $0,1^\circ \text{C}$ ef hitamælirinn hefur kvörðunina $0,1^\circ \text{C}$,
- $0,15^\circ \text{C}$ ef hitamælirinn hefur kvörðunina $0,2^\circ \text{C}$,
- $0,2^\circ \text{C}$ ef hitamælirinn hefur kvörðunina $0,5^\circ \text{C}$.

Hitamælirinn getur verið innbyggður í tækið sem notað er til að ákvarða alkóhólstyrkleikann.

Í því tilviki er ekki nauðsynlegt að hafa kvarðamerki við 0°C .

9.3. Kvarðaskiptingin skal vera að lágmarki:

- $0,7 \text{ mm}$ þegar um er að ræða hitamæla með kvörðunina $0,05$, $0,1$ og $0,2^\circ \text{C}$, og
- $1,0 \text{ mm}$ þegar um er að ræða hitamæla með kvörðunina $0,5^\circ \text{C}$.

9.4. Línurnar skulu ekki vera breiðari en sem nemur einum fimmta af kvarðaskiptingunni.

10. MERKINGAR

Aftan á alkóhólmælum og alkóhól-flotmælum, á efsta þriðjungi tækisins, skal vera rúm fyrir EBE-frumsannprófunarmerkið.

Í samræmi við lið 3.1.1 í II. viðauka tilskipunar 71/316/EBE og þrátt fyrir almennu regluna sem mælt er fyrir um í 3. lið þess viðauka skal EBE-frumsannprófunarmerkið, vegna krafna um sérmerkingar tækja úr gleri, samanstanda af röð tákna sem merkja eftirfarandi:

- lágstafurinn „e“,
- tveir síðustu tölustafirnir í EBE-frumsannprófunarárinu,
- kennistafur eða -stafir ríkisins þar sem EBE-frumsannprófunin var framkvæmd,
- ef þörf krefur, kennitala sannprófunaraðilans.

Þegar merkingin er framkvæmd með sandblæstri skulu stafir og tölur sett þannig að ekki dragi úr læsileika þeirra.

Dæmi:

e 75 D 48: EBE-frumsannprófun, framkvæmd árið 1975 af stofnun 48 í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.
